

Í dag er nýtt upphaf hjá Vodafone

Segjum það bara eins og það er. Þetta gæti allt verið svo miklu betra. Við höfum ekki verið nógu góð og við ætlum að breyta því.

Viðskiptavinir eiga að hafa miklu betri yfirsýn. Verðið, vörurnar, skilmálarnir, reikningarnir; þetta þarf allt að vera einfaldara og skýrara.

Viðskiptavinir eiga að geta treyst því að þeir séu í rétta pakkanum sem hentar þeirra heimili. Í dag eru margir sem vita ekki hvað þeir eru að borga fyrir eða eru í rangri þjónustuleið.

Við erum að breyta mjög miklu hjá okkur. Í dag kynnum við 4 breytingar en það er bara byrjunin og við hlökkum til að segja ykkur frá því sem við gerum næst.

Í dag er nýtt upphaf hjá Vodafone.
Fylgstu með.



3

Betri þjónusta á netinu

Á Mínum síðum á Vodafone.is getur þú nú keypt afþreyingu, breytt áskrift, flutt áskrift á milli myndlykla, sagt upp áskrift, sett upp netvörn og heilan helling í viðbót. Við ætlum að halda áfram að gera viðskiptin á netinu betri.

Elín
Verkefnastjóri

Ólafur
Sérfræðingur

Jens
Vörubrúunarstjóri

Sturla
Netsérfræðingur

Iðunn
Verslunarstjóri

1

Segjum það eins og það er

Við ætlum að tala skýrt og á mannamáli. Við ætlum að vera gagnrýnin á okkur sjálf, setja markið hátt og gera viðskiptavinum okkar ánægðari.

Ingimundur
Verkefnastjóri



Mánudagurinn 4. maí var kærkominn þar sem loks var slakað á samkomubanni yfirvalda vegna kórónaveirufaraldursins. Fjöldmörg fyrirtæki gátu aftur boðið upp á þjónustu sína, þar á meðal hárgreiðslustofur. Á rakarastofunni Barber á Laugaveginum var vertíðarstemming og úfnir COVID-kollar landsmanna snyrtir í gríð og erg. Sjá síðu 6 FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGURARI

Aðgerðapakkar kosta 100 milljarða

Raunverulegur kostnaður ríkissjóðs er tæplega þriðjungur af umfangi þeirra. Áætlaður halli ríkissjóðs verður þó mikill á árinu. Skuldastaða ríkissjóðs er mjög sterk og því er mikið rými fyrir frekari aðgerðir. Slík loforð verður þó að efna hratt og örugglega.

EFNAHAGSMÁL Kostnaður ríkissjóðs við efnahagsaðgerðapakka þrjá sem ríkisstjórnin hefur lagt fram er tæplega 100 milljarðar króna að mati Samtaka iðnaðarins (SI). Það þýðir að útgjöld ríkisins vegna aðgerðanna eru um 3,6 prósent af vergri landsframleiðslu sem að sögn Ingólfs Bender, aðalhafgræðings SI, er frekar lítið í alþjóðlegu samhengi.

„Það segir þó aðeins hluta sögunnar því halli ríkissjóðs er að aukast mjög mikið. Fjárlög ríkisins fyrir árið 2020 gerðu ráð fyrir tæplega 10 milljarða króna halla en nú er áætlað að hann verði á bilinu 250 til 300 milljarðar. Áhrif farald-

ursins eru því mjög mikil,“ segir Ingólfur.

Þegar aðgerðirnar voru kynntar var sagt að umfang þeirra næmi um 350 milljörðum króna. Sú framsætning var þó ekki villandi að mati Ingólfs. „Eitt er umfang og annað er raunverulegur kostnaður. Það var enginn feluleikur með það að stór hluti aðgerðanna fólst í að fresta skattgreiðslum, flýta framkvæmdum og auka útlánagetu bankanna. Þessar tölur eru metnar inn í heildarupphæð aðgerðapakkans.“

Góðu fréttirnar eru að skuldastaða ríkissjóðs er sterk. „Skuldir hins opinbera voru í lok síðastliðins árs rétt um 27 prósent af vergri

Við erum því betur í stakk búin en flest önnur ríki til þess að mæta áhrifum COVID-19.

Ingólfur Bender, aðalhafgræðingur Samtaka iðnaðarins



landsframleiðslu sem er með því lægsta sem þekktist í alþjóðlegum samanburði. Við erum því betur í stakk búin en flest önnur ríki til þess að mæta áhrifum COVID-

19 faraldursins með öflugum aðgerðum í ríkisfjármálum,“ segir Ingólfur.

Hann segir að miklu máli skipti að loforð ríkisstjórnarinnar verði efnd hratt. „Það er ekki nóg að lofa ríkistrygðum lánunum á lágum vöxtum heldur þarf að veita slík lán,“ segir Ingólfur og nefnir að miklar tafir hafi verið á því að brúarlán, sem tilkynnt var um þann 21. mars, komi til framkvæmda.

Að mati SI þarf ríkisstjórnin að ráðast í frekari aðgerðir enda stefnir í að samdráttur í landsframleiðslu verði sá mesti hér á landi í yfir 100 ár. „Atvinnuleysið er alvarlegasta vandamálið. Hér þarf að

fjölga störfum eins fljótt og audið er,“ segir Ingólfur.

Meðal aðgerða sem hann telur nauðsynlegar er að ráðist verði skjótt í framkvæmdir, álögum verði létt á fyrirtæki meðal annars með lækkun tryggingagjalds og fasteignagjalda á atvinnuhúsnæði, regluverk verði einfaldað og hindrunum rutt úr vegi. Þá sé mikilvægt að hvetja enn frekar til nýsköpunar með skattaávilnunum, fjölga starfs- og tæknimenntuðum á vinnu- markaði með því að tryggja fleirum skólavist í haust og tryggja námslok og bæta umgjörð byggingarmála til að tryggja hraðari og hagkvæmari uppbyggingu íbúðarhúsnæðis. — bp


2.500 KR. AFSLÁTTUR

Ef verslað er fyrir 15.000 kr. eða meira

Gildir eingöngu á elko.is til með 10. maí 2020
KÓÐI: SUMARGJOF2020

ELKO

Veður



Vestan 5-13 í dag og léttir víða til. Hiti 6 til 16 stig, hlýjast austanlands. **SJÁ SÍÐU 12**



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Kjördæmismál verði í forgangi

STJÓRN MÁL Kjördæmismál verða rædd á fundi um stjórnarskrár-breytingar sem forsætisráðherra hefur boðað formenn flokkanna til á föstudaginn. Þetta kom fram í óundirbúnum fyrirspurnatíma á Alþingi í gær. Formaður Viðreisnar beindi þar fyrirspurn til Katrínar Jakobsdóttur forsætisráðherra um hvort til greina kæmi að setja kjördæmismál fram í forgang með vísan til þess samráðs sem haft hefði verið við almenning í stjórnarskrárvinnunni. Afstaða þátttakenda í því samráði gæfi til kynna að almenningur liti á jafnan atkvæðarétt sem forgangsmál.


» Hægt væri að fara fleiri leiðir til að jafna atkvæðavægi en að gera landið allt að einu kjördæmi.

Í svari sínu sagðist Katrín Jakobsdóttir hyggjast taka þetta upp á hinum boðaða fundi með formönnum og kanna afstöðu þeirra til þess að stefna á að ljúka endurskoðun á ákvæði stjórnarskrárinnar um kjördæmi á þessu kjörtímabili frekar en því næsta eins og stefnt hafði verið að.

Þá kom fram í máli forsætisráðherra að hægt væri að fara fleiri leiðir til að jafna atkvæðavægi en að gera landið allt að einu kjördæmi.

– að

Kóræfing í bílakjallara



Hinsegin kórinn hélt sína fyrstu æfingu eftir að slakað var á fjöldatak mörkunum á samkomubanni úr tuttugu manns í fimmtíu manns í gær. Æfingin fór fram í bílakjallara Hörpu til að hægt væri að tryggja tveggja metra bil á milli kórmeðlima en tveggja metra reglan er enn í gildi þrátt fyrir tilslakanir á samkomubanninu. Kórinn, sem var stofnaður árið 2011, hefur ósjaldan verið kallaður litríkasti kór landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Guðni Th. fagnaði með pylsu.

Fékk sér pylsu í miðbænum

COVID-19 „Það er alltaf jafngott að fá sér pylsu,“ sagði Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, við vegfarendur hjá Bæjarins bestu í Tryggvagötu í gær. Þar var forsetinn einn á ferð að halda upp á tilslökun á samkomubanninu með því að gæða sér á pylsu.

Meðal annars sem breyttist í gær var að stórverslun IKEA var opnuð að nýju eftir að hafa verið lokað í nærri sjö vikur. Röd var komin fyrir opnun. – gar

Bjóða tíu hótelnætur fyrir tvo á 99 þúsund

Íslensku hótelin reyna nú að höfða til innlendra ferðamanna með tilboðum. Framkvæmdastjóri Íslandshótela segir tíu hótelnætur saman seldar á allt niður í fjórðung á fyrra verði. Centerhotels leggja áherslu á ýmis gjafabréf.

FERÐAÞJÓNUSTA „Við erum að kynna verð sem hafa ekki sést í tíu ár,“ segir Davíð Torfi Ólafsson, framkvæmdastjóri Íslandshótela, um tilboð á gistingu í sumar.

Eins og allir í ferðaþjónustu standa Íslandshótel frammi fyrir miklum áskorunum vegna áhrifa COVID-19. Af sautján hótelum undir hatti Íslandshótela segir Davíð áætlað að aðeins sjö verði opin í sumar; sex Fosshótel úti á landi og Grand Hótel í Reykjavík.

Til að reyna að laða gesti að er nú meðal annars í boði gisting með miklum afslætti ef keyptar eru marga nætur saman. Þannig kostar fimm náttu pakki fyrir tvo 65 þúsund krónur, sjö nætur 84 þúsund krónur og tíu nætur eru á 99 þúsund krónur.

„Ef þú ert að kaupa tíu nóttu pakka er verðið jafnvel bara fjórðungur á sumum hótelum af því sem verið hefur,“ útskýrir Davíð. „Þetta eru fullbúin tveggja manna herbergi með öllu en morgunverður er þó ekki innifalinn.“

Opnu Fosshótelin á landsbyggðinni eru í Reykholti, Stykkishólmi, Patreksfirði, Húsavík, Fáskrúðsfirði og í Örafasveit. Gista má á hverju þessara hótela auk Grand Hótels í Reykjavík og nota gistingu-næturnar samfleytt eða stakar frá maí og út september. „Þannig að þú getur svolítið elt góða veðrið og sólna og bókað fram og til baka,“ segir Davíð.

Stefán Örn Einarsson, framkvæmdastjóri sölusviðs Center Hotels, segir fyrirtækið taka þátt í herferðinni Styrkjum Ísland í samstarfi við fyrirtækið Godo. Snýst hún um sölu gjafabréfa á 14.900 krónur sem nota má sem gjöldu fyrir tvo fyrir



Fosshótel selja meðal annars gistingu á Patreksfirði. FRÉTTABLAÐIÐ/EGILL

Center Hotels gefur tíu þúsund króna inneign á móti sem fólk getur nýtt til að kaupa viðbótarþjónustu á hótelnunum okkar.

Stefán Örn Einarsson, framkvæmdastjóri sölusviðs Center Hotels



eina nótt á hóteli. Bréfin gilda út maí á næsta ári.

„Svo erum við að fara í gang með tvær herferðir sjálf. Annars vegar er það svokölluð framlínuherferð með gjafabréfum sem fólk getur gefið vinum og vandamönnum sem hafa verið í framlínu í þjóðfélaginu undanfarnar vikur. Þá erum

við með gjafabréf sem gildir fyrir eina gistingu með morgunverði á 14.900 krónur. Center Hotels gefur tíu þúsund króna inneign á móti sem fólk getur nýtt til að kaupa viðbótarþjónustu á hótelnunum okkar,“ segir Stefán.

Þá segir Stefán að Center Hotels ætli á næstu vikum að fara í gjafabréfaherferð. Það verði gjafabréf með allt að 50 prósentu afslætti á gistingu.

Öll sjö hóteli Center Hotels eru í Reykjavík og það áttunda er í byggingu á Seljavegi. „Við höfum verið að fá mikið af fyrirspurnum að undanförunni frá Íslendingum. Bæði utan af landi og frá fólki á höfuðborgarsvæðinu sem langar að lyfta sér upp. Við höfum verið að biða eftir að það yrði slakað á samkomubanninu og núna keyrum við þetta í gang á næstu vikum,“ segir Stefán Örn Einarsson. gar@frettsbladi.is

MUNDU EFTIR GÖMLU GÓÐU AFMÆLSKRINGLUNNI - fyrir 25-30 manns

www.bjomsbakari.is

mánudaga-föstudaga	7.30 - 17.30
laugardaga	8.00 - 16.00
sunndaga	9.00 - 16.00

Austurströnd 14 • Hlíngbraut 35

Sími: 561 1435

Wizar

...fyrir lífsins ljúfu stundir



Hægindastóllinn sem slegið hefur í gegn og Íslendingar elska!

360° snúningur | innbyggður fótaskemill
hallanlegt bak | stillanlegur höfuðpúði

Fáanlegir **Wizar** litir

Verð frá
199.900 kr.


FYRIR HEIMILIÐ

Lögmenn telja að málsmeðferð í héraði verði til málamynda

DÓMSMÁL Skaðabótamálum Kristjáns Viðars Júlíussonar og Tryggva Rúnars Leifssonar heitins hefur verið úthlutað til sama dómara og sýknaði ríkið af kröfu Guðjóns Skarphéðinssonar í Héraðsdómi Reykjavíkur í lok mars, Sigrúnar Guðmundsdóttur.

Um er að ræða eftirmál sýknudóms Hæstaréttar í Guðmundar- og Geirfinnsmálum sem kveðinn var upp árið 2018.

Lögmenn stefnenda segja þetta vonbrigði og ljóst að málsmeðferð í



Fyrstu fyrirtökur mála Kristjáns og Tryggva verða 20. maí á þessu ári.

héraði verði til litils en fyrstu fyrirtökur málna verða 20. maí næstkomandi.

„Þótt ég flytti bestu málflutningsræðu færisins er útilokað að ég snúi dómara sem þegar er búinn að taka afstöðu til nákvæmlega sömu grunnatriða í dómi í öðru máli um sömu atvik,“ segir Arnar Þór Stefánsson, lögmaður Kristjáns Viðars. Hann telur að stefnendum hafi verið synjað um raunhæfan rétt til að flytja mál sitt á tveimur dómstögum.

» Arnar Þór telur að stefnendum hafi verið synjað um raunhæfan rétt til að flytja mál sitt á tveimur dómstögum.

Kröfum Guðjóns Skarphéðinssonar um bætur, umfram þær sem honum voru greiddar á grundvelli laga sem sett voru á Alþingi í fyrra, var hafnað í Héraðsdómi Reykja-

víkur í mars. Ragnar Aðalsteinsson lögmaður Guðjóns gagnrýndi þá ekki aðeins niðurstöðuna heldur einnig þau viðhorf sem fram koma í forsendum dómsins.

Ragnar gagnrýndi í viðtali við Fréttablaðið að í forsendum dómsins sé sífellt ýjað að sekt þeirra sem sýknaðir hafa verið eftir endurupptöku málsins 2018.

„Þeir brjálást í Strassborg ef þetta er gert í tilvikum eins og umbjóðanda míns, þegar búið er að sýkna menn,“ sagði Ragnar. – að



Hádegismóar eru við Rauðavatn.

Skátar vilja í Hádegismóa

REYKJAVÍK Bandalag íslenskra skáta vinnur nú að nýju deiliskipulagi þar sem nýjar höfuðstöðvar þeirra eru áætlaðar við Hádegismóa við Rauðavatn.

Þegar málið var tekið fyrir á fundi skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkurborgar í vikunni kom fram að áheyrnarfulltrúar Flokks fólksins og Miðflokksins hefðu talið þetta frábæra lausn fyrir skátastarfið þar sem skátar væru þekktir fyrir góða umgengni við náttúru landsins.

» Meðal þess sem kemur fram í deiliskipulaginu er möguleiki á gistiheimili fyrir allt að 50 manns.

Bandalagið er nú með aðstöðu í Hraunbæ og segir Kristinn Ólafsson, framkvæmdastjóri Bandalags íslenskra skáta, skátana spennta fyrir að heyra svör borgarinnar. „Við sjáum fyrir okkur skátamiðstöð sem er í mun meiri tengingu við náttúruna en sú sem við erum með núna. Þetta myndi gjörbreyta okkar starfi,“ segir hann.

Meðal þess sem kemur fram í deiliskipulaginu er möguleiki á að hafa gistiheimili fyrir allt að fimm-tíu manns. Aðspurður segir Kristinn að það sé til að auka möguleikann á því að fá hingað erlenda skáta eða þegar skátar utan af landi kæmu til Reykjavíkur. „Einnig býður þetta upp á möguleikann á því að bjóða upp á útilegu í borg fyrir yngri skátana sem eru að fara í sína fyrstu útilegu.“ – kpt

Auka milljarður til viðhalds

Reykjavíkurborg mun leggja einn milljarð króna í viðhaldsverkefni sem hluta af atvinnuátaki vegna COVID-19. Mest rennur til leik- og grunnskóla. Ráðist verður framkvæmdir fyrir tæpa 5,7 milljarða í ár.

REYKJAVÍK Reykjavíkurborg mun setja einn milljarð króna í sérstök viðhaldsverkefni sem hluta af atvinnuátaki vegna COVID-19 faraldursins. Alls verður ráðist í viðhaldsframkvæmdir fyrir tæpa 5,7 milljarða króna í ár.


Alls munu hátt í þrjú milljarðar renna til viðhalds á fasteignum leik- og grunnskóla. Þá munu rúmlega 300 milljónir renna til viðhalds á leikvöllum. Þar af fer stærsti hlutinn í grunn- og leikskóla, eða tæpla 2,1 milljarðar króna. Þá munu fara 360 milljónir króna í viðhald grunnskóla- og leikskólalóða.

Miðað er við að 1,5 prósent af stofnkostnaði hveirar fasteignar í borginni renni árlega í viðhald. Á árunum 2009 til 2013 runnu 0,99 prósent af stofnkostnaði til viðhalds á byggingum í eigu borgarinnar, en aðeins 0,64 prósent þegar kom að skólabyggingum. Þetta hlutfall árin þar á eftir var komið upp í 1,83 prósent árið 2018, og var hlutfallið um 1,6 prósent í fyrra.

„Það sem gerðist eftir hrun var að það var dregið úr viðhaldi almennt, það er verið að vinna það upp aftur og koma því á viðunandi stað,“ segir Ámundi V. Brynjólfsson, skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds hjá Reykjavíkurborg. Að hans sögn er talsvert um rakavandamál í byggingum.

Inni í þessum tölum eru ekki framkvæmdir sem teljast til meiriháttar endurbóta. Margar slíkar séu á dagskrá. „Það á ekki eingöngu við um hús heldur einnig gatnakerfið. Það er nýlega búið að samþykkja að fara í meiriháttar endurgerð á Tryggvagötu, fyrir framan Tollhúsið. Það verður ráðist í það í sumar,“ segir Ámundi.

Stefnt er á að hafa allar framkvæmdirnar mannaflsfrékar til að skapa eins mikla vinnu og hægt



Um 360 milljónir renna til viðhalds á leikvöllum borgarinnar. Einnig rennur hluti til malbikunar. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

» Það sem skiptir mestu máli er að þessi verkefni séu skynsamleg og séu boðin út. Það þarf að fara vel með þessa fjármuni.

Eyþór Arnalds, oddviti Sjálfstæðisflokksins



er. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri segir að aukið hafi verið við fjármagn vegna viðhalds undanfarið ár en að nú verði bætt í. „Það er skynsamlegt að vera með sérstaka áherslu á mannaflsfrékerfni í ljósi atvinnuástandsins,“ segir hann. Þá segir hann áhersluna vera á leik- og grunnskóla og opin svæði. „Leikvöllir fá líka talsvert fjármagn því að borgin á að vera skemmtileg fyrir allan aldur. Malbikun gatna, götulýsing og hjólastígar eru líka fyrirferðarmiklir,“ segir Dagur.

Skúli Helgason, formaður skóla- og frístundaráðs, segir aukninguna kærkomna. „Þetta er búið að vera

mikið baráttumál okkar síðustu ár að fá meira fjármagn í þessa liði. Þetta er tvöföldun á milli ára og næstum fjórföldun á fjármagni til almenns viðhalds skólahúsnæðis frá 2017,“ segir Skúli.

Eyþór Arnalds, oddviti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, segir þetta löngu tímabært. „Þetta var skorið niður í langan tíma sem hefur reynst dýrkeypt. Það má segja að hver króna sem sparast þarna hafi kostað þrjár. Þetta var einmitt ein af okkar tillögum, að bæta í. Það sem skiptir mestu máli er að þessi verkefni séu skynsamleg og séu boðin út. Það þarf að fara vel með þessa fjármuni.“ arib@frettabladid.is

Fáðu lyfin send frítt heim

Þú hringir í síma 517 5500
eða sendir póst á
lyfsalinn@lyfsalinn.is



LYFSALINN

GLÆSIBÆ

OPNUNARTÍMI

Mán.- fös. kl. 08:30-18:00

Laugardaga: Lokað

LYFSALINN GLÆSIBÆ

Álfheimum 74 104 Reykjavík

Sími 517 5500

www.lyfsalinn.is

lyfsalinn@lyfsalinn.is



GÓÐA FERÐ INNANLANDS

TAX FREE*

**AF FÖRÐUNARVÖRUM
OG ILMVÖTNUM**

***19,35% VERÐLÆKKUN**

Gildir 4. maí - 8. júní 2020
í verslunum og í netverslun Lyfju

 **LYFJA**



Andreas Brunner
listamaður

Listamaðurinn Andreas Brunner er ánægður með að slakað hafi verið á takmörkunum en segist skilja ákvörðun stjórnvalda vel og bætir við að hann sé ekki bitur vegna hennar. „Ég hef bara verið heima hjá mér,“ segir hann.

●● Í þessum gjörningi eru ákveðin fjarlægðarmörk. Það er þá líka bara fint að það sé ekki mikið af fólki.


Andreas stendur nú fyrir sýningu í Listasafni Reykjavíkur og er hluti af henni gjörningur sem fer fram á mánudögum og föstudögum en að hans sögn tengist gjörningurinn þeim takmörkunum sem hafa verið í gildi. „Í þessum gjörningi eru ákveðin fjarlægðarmörk. Það er þá líka bara fint að það sé ekki mikið af fólki.“



Svanhildur Ósk Guðjónsdóttir
hárgreiðslukona

Mikið hefur verið um að vera á hárgreiðslustofum víða um land og er 101 Hárhönnun þar engin undantekning. „Það eru allir að reyna að komast í tíma og það eru allir rosalega glaðir að sjá mann, það er svolítið skemmtilegt,“ segir Svanhildur.

Aðspurð hvernig það sé að snúa aftur til vinnu eftir sex vikna samkomubann segir hún það vera mjög ánægjulegt, bæði til að hitta viðskiptavini og samstarfsfólk. „Það eru bara allir ótrúlega glaðir, bæði að fá tímann sinn og bara fyrir okkur að fá að hitta aftur viðskiptavini, þeir eru svo stór hluti af lífi manns.“



Borgarbókasafnið var einn af þeim stöðum sem gátu opnað dyr sínar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Hlutirnir loksins að færast í eðlilegt horf

Fyrstu tilslakanir á samkomubanni hér á landi hófust í gær og opnuðu fjölmargir dyr sínar fyrir viðskiptavinum eftir þó nokkra bið. Mikil ánægja var meðal bæði viðskiptavina og starfsfólks sem Fréttablaðið ræddi við í gær.

Fyrstu skref í afléttningu samkomubanns hér á landi voru tekin í gær en samkomubann hefur verið í gildi frá 15. mars síðastliðnum og tók hert samkomubann gildi fyrir sex vikum, þann 22. mars. Hert samkomubann fól í sér fjöldatak-

markanir sem miðuðu við tuttugu manns auk þess að tryggja þurfti að nánd manna á mannátómum væri ekki undir tveimur metrum og nægilegt aðgengi að handþvotti og handspritti.

Með tilslökunum gærdagsins voru fjöldamörk bannsins hækkuð úr 20 í 50 manns og getur fólk nú

nýtt sér þjónustu á ýmsum stöðum, til að mynda á hárgreiðslustofum, snyrtistofum og kaffihúsum, auk þess sem söfn og kvikmyndahús hafa opnað dyr sínar á ný. Tveggja metra reglan og tilmæli um handþvott og spritt eru enn í gildi. Fréttablaðið ræddi við nokkra starfsmenn. fanndis@frettabladid.is



Barbara Guðnadóttir
safnstjóri Borgarbókasafnsins Grófinni

Barbara segir það ánægjulegt að safnið hafi verið opnað á ný. „Það er rosalega gaman að taka á móti fólki og það eru bara allir rosalega glaðir að það sé búið að opna. Það er svona eitthvað að færast aftur í eðlilegt horf.“

●● Það eru bara allir rosalega glaðir að það sé búið að opna.

Hún segir að mikið hafi verið um að vera og að allir séu orðnir vel færir í að halda tveimur metrum á milli sín og spritta sig reglulega. Starfsmenn hafa nýtt tímann sem safnið hefur verið lokað í að breyta ýmsu og segir Barbara gesti vera ánægða með breytingarnar. „Þetta er bara mjög gaman.“



Lam
starfsmaður á snyrtistofu

Hjá 101 Spa hefur verið mikil eftirspurn eftir hand- og fót snyrtingu sem og vaxi eftir að slakað var á takmörkunum. „Það hefur samt ekki verið of mikið að gera, fólk kemur bara í sinn tíma og það rúllar þannig yfir daginn,“ segir Lam, starfsmaður 101 Spa.

●● Fólk hefur hlakkað til í langan tíma að geta fengið sér nýjar neglur og mæta í fót snyrtingu.

Aðspurð um hvort fólk sé ánægð með að geta loksins komið og látið dekra við sig segir Lam að svo sé. „Fólk hefur hlakkað til í mjög langan tíma að geta fengið sér nýjar neglur og mæta í fót snyrtingu,“ segir hún og hlær.

ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI, VARA- OG AUKAHLUTAVERSLUN

UMBODSADILI

Jeep



RAM



ALMENNT BÍLAVERKSTÆÐI OG SMURÞJÓNUSTA FYRIR ALLA BÍLA

ALLIR VINNA - ENDURGREIÐSLA VSK.

FIAT HÚSBÍLAR - ÁBYRGÐAR OG ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI

BREYTINGAR Á JEEP, RAM OG ÖÐRUM USA PALLBÍLUM

ALLIR BÍLAR SÓTTREINSADIR

STUTTUR BIÐTÍMI SÍMI 534 4433



Pallbílahús frá ARE á alla USA pallbíla



Úrval af felgum fyrir Jeep, og RAM



Upphækkunarsett í Wrangler



Upphækkunarsett í RAM



Falcon demparar

Varahlutaverslun ÍSBAND býður upp á gott úrval vara- og aukahluta og íhluta til breytinga. Allir helstu varahlutir í okkar vörumerkjum eru til á lager. Sérþöntum varahluti í aðra USA bíla.



ISBAND

ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF • VERKSTÆÐI OG VARAHLUTAVERSLUN • SMÍÐSHÖFÐA 5 • 110 REYKJAVÍK
SÍMI 534 4433 • THJONUSTA@ISBAND.IS • WWW.ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA KL. 07:45 - 18:00

**LÆGSTA
VERÐIÐ
Í ÖLLUM
LANDS-
HLUTUM**

Orkan býður lítrann á lægsta verðinu í öllum landshlutum – án allra skilyrða.



Hækkandi sól



Sighvatur Arnmundsson
sighvatur@frettabladid.is

Daglegt líf okkar er smátt og smátt að færast aftur í eðlilegt horf. Ýmis starfsemi sem legið hefur alveg niðri eða verið takmörkuð undanfarnar vikur er nú að fara í gang. Söfn og ýmsar menningarstofnanir hafa opnað dyrnar, fólk kemst í langþráða klippingu og hægt er að framkvæma valkvæðar aðgerðir á sjúkrahöfnum.

Sérstakt ánægjuefni er að sjá tilslakanir á því sem tengist börnum. Skólar, leikskólar og frístundaheimili geta nú loksins farið að starfa eðlilega. Þá gleðjast eflaust ansi margir yfir því að íþróttastarf barna og unglinga sé hafið að nýju.

Staðan lítur vissulega vel út hvað hinn heilsufarslega þátt faraldursins varðar. Þróunin hefur fylgt spálikönnum vel og svartsýnar sviðsmyndir ekki raungerst. Síðustu daga hafa afar fá ný tilfelli af COVID-19 verið að greinast og fjöldi þeirra sem eru með virkt smit er kominn niður í 66. Þessi staða ásamt hækkandi sól hefur aðeins lyft brúninni á landsmönnum eftir mjög erfiðan vetur.

Þrátt fyrir það er þessu alls ekki lokið. Það verða áfram einhverjar takmarkanir í gildi fram á sumar hið minnsta. Enn er lögð mikil áhersla á sóttvarnir og fjarlægð milli fólks. Það skiptir miklu máli að fólk haldi áfram að hlýða fyrir-mælum. Sá árangur sem náðst hefur hingað til byggir einmitt á ábyrgri hegðun almennings. Það væri afar slæmt, ekki síst fyrir andlega heilsu fólks, ef hér kæmi bakslag í þróun faraldursins.

Það sem skyggir á það jákvæða sem er að gerast varðandi faraldurinn er auðvitað staðan á vinnumarkaði. Atvinnuleysi er þegar orðið mun meira en það varð í hrúninu og þar að auki mikill fjöldi fólks á hlutabótum. Samkvæmt upplýsingum frá Vinnuálastofnun er fjöldi atvinnulausra og þeirra sem eru á hlutabótum um 55 þúsund. Nýliðin mánaðamót voru sögulega slæm hvað varðar fjölda hópuþsagna. Þar hafa fyrirheit stjórnvalda um greiðslu hluta launa á uppsagnarfresti greinilega haft mikið að segja.

Alvarlegust er staðan í ferðaþjónustu enda fátt sem bendir til þess að erlendir ferðamenn komi í nokkrum máli til landsins á næstunni. Að sama skapi munu Íslendingar auðvitað lítið ferðast til útlanda. Þótt innlendir ferðamenn komi aldrei alveg í stað þeirra erlendu eru þar tækifæri fyrir ferðaþjónustuna til að milda höggið.

Þess vegna er jákvætt að sjá að ýmsar hótél-keðjur hafa ákveðið að lækka verð og bjóða upp á hin ýmsu tilboð í sumar. Verðlagning ferðaþjónustunnar hefur á síðastliðnum árum ekki tekið mið af kaupmætti venjulegra Íslendinga. Það hlýtur að vera betra að lækka verð heldur en að hafa hótél og veitingastaði meira og minna tóm um land allt.



Sá árangur sem náðst hefur hingað til byggir einmitt á ábyrgri hegðun almennings.

Halldór



Frá degi til dags

Fáranleg uppátæki
Þungu fargi var létt af þjóðinni þegar samkomubannið var rýmkað í gær. Foreldrar leik- og grunnskólanna fóru aftur að heyrja í eigin hugsunum og margir áttuðu sig á hversu notalegt það er að tala við vinnufélaga í eigin persónu. Allir voru búnir að fá nóg af því að baka og fara út að skokka. Enginn var þó búinn að fá leið á Helga blessuðum. Án efa verður það samkvæmisleikur að lista upp fánalegasta uppátækið í sóttkví. Tíminn mun leiða í ljós hvort það verði maðurinn sem prófaði að taka upp Netflix á vídeóspólu.

Ástir á tímum COVID
Við erum nú þegar búin að missa af tveimur mánuðum sem hefðu nýst í ýmislegt á næsta ári, tíminn verður lengri í Hollywood. Ef við höldum að árið í ár væri leiðinlegt þá er bara að bíða eftir næsta ári. Eina stórmyndin 2021 verður Captain America 4 sem var tekin upp í bakgarðinum hjá Chris Evans. Allt jölabókafloðið verður gegnsýrt af einmanaleika, ástir á tímum COVID og dularfull mál innanhúss. Svo koma upp öll uppsöfnuðu rifrildin og það á kosningarári. Orkupakkinn hinn fjórði mun taka yfir Útvarp Sögu, bitist verður um miðhálandisþjóðgarð og áfengisfrumvarp kemur með vorinu eins og lóan. arib@frettabladid.is

Samfylking í tuttugu ár



Logi Einarsson
formaður Samfylkingarinnar

Í dag fagnar Samfylkingin – jafnaðarmannaflokkur Íslands, 20 ára afmæli.

Það er kannski ekki ykja hár aldur en flokkurinn á þó miklu eldri rætur, aftur til ársins 1916, að minnsta kosti. Flokkurinn byggir á jafnaðarstefnunni, hugmyndafræði sem hefur legið til grundvallar mörgum af farsælustu samfélögum veraldar.

Grundvallarsjónarmið okkar er að sérhverjum einstaklingi verði tryggð skilyrði til að þroska hæfileika sína og nýta í eigin þágu og sinna nánustu, samfélags og komandi kynslóða. Öflugt velferðarkerfi og öryggisnet er forsenda þess að þetta sé hægt. Jafnari tekjur og sómasamleg lífskjör allra eru því nauðsynlegur hluti af því að auka framleiðni og verðmæta-sköpun í landinu.

Veiran hefur sýnt fram á nauðsyn þess að eiga öfluga sameiginlega sjóði sem geta tryggt öflugt heilbrigðiskerfi, velferðarþjónustu og öryggisnet þegar á reynir. Sjóði sem geta stuðlað að því að koma af stað verðmætasköpun og búið til störf fyrir fólk þegar kreppir að.

Nú þurfum við að verja heimili og fyrirtæki fyrir tekjufalli – en líka að ræða opinskátt hvernig samfélag við viljum byggja hér upp til framtíðar. Ég er bjartsýnn á að okkur muni vegna vel, ef við höfum að leiðarljósi gildi jafnaðarmanna um frelsi, fjölbreytni, jafnrétti og vísýni.

Ef við berum gæfu til þess að dreifa byrðum jafnar með sanngiarnara skattkerfi, þorum að sækja fram á sviði menntunar og sköpunar, fjárfesta í fólk og sterkum innviðum – þá mun okkur takast að byggja upp sjálfbært og kraftmikið samfélag sem skipar sér í fremstu röð meðal þjóða.

Samfylkingin var stofnuð af fólki sem vildi láta drauminn um að vinna saman að hugsjónum jafnaðarmanna rætast. Við munum halda áfram að leitast við að fylkja saman fólk og knýja fram breytingar til réttlátara samfélags – sækja umboð til fólksins í landinu svo við getum komið málefnum okkar og hugmyndum í verk í þágu þess.

Kæru jafnaðarmenn, til hamingju með daginn!



Samfylkingin var stofnuð af fólki sem vildi láta drauminn um að vinna saman að hugsjónum jafnaðarmanna rætast.



Klassísk gæða hönnun á góðu verði

Opíð virka daga
10-18
laugardaga
11-15

Komið og skoðið úrvalið

NÝFORM

HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is

Nokkrar staðreyndir um COVID-19 faraldurinn í Kína



Jin Zhijian
sendiherra Kína
á Íslandi

Það gleðir mig að sjá að grein mín „Snúum bókum saman“ sem birtist í Fréttablaðinu þann 15. apríl hefur vakið áhuga lesenda. Ég rak líka augun í greinina sem var rituð af þeim Þorgeiri Eyjólfssyni og Hrafni Magnússyni þann 27. apríl þar sem þeir gera athugasemdir við orð mín um að „síðan faraldurinn braust út hefur Kína brugðist tímanlega við, með opnum og ábyrgum hætti við að dreifa upplýsingum til umheimsins varðandi viðbrögð við veirunni“. Mig langar að minnast á nokkur atriði í þessu sambandi.

Uppruni nýja kórónavírussins
Visindamenn um heim allan eru að leggja sig alla fram við rannsóknir í rannsóknum á uppruna vírussins og hafa þeir sett fram mismunandi skoðanir, kenningar og vangaeltur. Þrátt fyrir þetta hafa hinar alþjóðlegu rannsóknir ekki getað greint hvernig hin nýja kórónuveira dreifðist upphaflega. Samsæriskenning þess efnis að kórónavírusinn hafi átt upptök sín í veirufræðistofnuninni í Wuhan (VIW) á sér enga stöð í raunveruleikanum. Áður en fyrsta sýnið frá COVID-19 sýktum einstaklingi barst til VIW,

þann 30. desember 2019, var enga kórónuveiru að finna á þeirri rannsóknastofu.

Hingað til hefur heldur enginn starfsmaður VIW sýkst af kórónavírussinum. WHO bendir á að allar rannsóknir bendi til að vírusinn eigi uppruna sinn í náttúrunni, en ekki á rannsóknarstofu. Kína var fyrsta landið til að tilkynna um tilfelli af COVID-19, en það þarf ekki endilega að þýða að uppruni kórónavírussins sé í Kína. Rannsóknir á uppruna vírussins eru flóknar og ættu að vera framkvæmdar af vísindamönnum og sérfræðingum á sviði heilbrigðismála, ég hef trú á að tíminn muni leiða uppruna vírussins í ljós.

Viðbrögð Kína við faraldurinn í upphafi og upplýsingagjöf

Greinahöfundarnir tveir halda því fram að fyrstu tilfellin af COVID-19 í Kína hafi greinst 1. desember 2019 og að Kína hafi beðið með það til 3. janúar 2020 að tilkynna það til WHO, og að þetta sé til sanninda um að Kína hafi brugðist seint og illa við og reynt að hylma yfir faraldurinn.

Sannleikurinn er hins vegar sá að kínversk yfirvöld fengu fyrst advörum um faraldurinn eftir hinu opinbera kerfi þann 27. desember 2019. Það var Dr. Zhang Jixian við héraðsspítalann í Hubei, þar sem unnið er með hefðbundnar kínverskar lækningaaðferðir með vestrænum lækningaaðferðum, sem tilkynnti fyrstur um tilfelli um lungnabólgu af óþekktum orsökum. Eftir þriggja daga faraldursfræðilega skoðun,



Það er ekki til nein stöðluð aðferð sem er hægt að beita í öllum löndum, og öll ríki eru að vinna að því að finna þá leið sem hentar best í hverju tilfelli fyrir sig við að berjast gegn faraldurinum.

birtu heilbrigðisvirkvöld í Wuhan niðurstöður um lungnabólguafaraldur í borginni og tilkynntu jafnframt til útibús WHO í Kína, þann sama dag, um nokkur tilfelli af lungnabólgu af óþekktum orsökum í Wuhan.

Síðan 3. janúar 2020 hefur Kína gefið WHO og öðrum löndum reglulegar skýrslur um lungnabólguafaraldurinn og þróun hans. Þann 8. janúar greindi Kína frá því að orsökinni væri ný tegund kórónaveiru. Þann 11. janúar birti kínverska sóttvarnamiðstöðin niðurstöður greiningar á genamengi allra 5 arferðanna af veirunni á vefsíðu sinni, fyrir WHO og umheiminn allan til að nýta við rannsóknir.

Þann 20. janúar tilkynntu sérfræðingar kínversku heilbrigðisstofnunarinnar um að veiran gæti smitast milli manna, með traustum

faraldursfræðilegum rannsóknamiðurstöðum. Þann 23. janúar var tilkynnt að Wuhan yrði lokað af, en á þeim tíma voru einungis 10 staðfest tilfelli utan Kína, og engin af þeim í Evrópu. Hinar skjótu og áhrifaríku aðgerðir sem Kína greip til náðu að mynda viglinu í hinni alþjóðlegu baráttu gegn COVID-19.

Framkvæmdastjóri WHO, Tedros Adhanom Ghebreyesus, lofaði hinar skjótu og útbreiddu aðgerðir sem Kína greip til, sem voru án fordæma á heimsvísu, sem sýndu fram á forskot og virkni kínverska kerfisins. Hann sagði að aðgerðir Kína væru ekki eingöngu til þess fallnar að vernda íbúa Kína heldur einnig til þess fallnar að vernda aðra íbúa jarðarinnar.

Staðfest tilfelli í Kína vegna COVID-19 og fjöldi dauðsfalla

Sameiginlegt átak hefur skilað sér í tiltölulega lágum tölum, bæði í fjölda smitaðra og einnig í tölu dauðsfalla vegna COVID-19 í Kína. Í fyrsta lagi gripu kínversk stjórnvöld til ströngustu og áhrifaríkustu aðgerða sem völ var á strax í upphafi faraldursins og léku þessar aðgerðir lykilhlutverk í því að koma böndum á útbreiðslu vírussins. Samkvæmt skýrslu sem birt var í hinu virta ritrýnda tímariti „Science“ hafði lokun Wuhan, og hin víðfeðmu viðbrögð sem gripin var til, þau áhrif að smitum fækkaði um næstum 700.000. Í öðru lagi, lögðu kínversk yfirvöld áherslu á að leggja alla sem á þurftu að halda inn á spítala, og að þeir sem þyrftu á meðhöndlun að halda fengju þá

meðhöndlun. Kína nýtti sér að fullu öll þau úrræði sem þjóðfélagsgerðin og fjárheimildir buðu upp á, sem skilaði miklum árangri á landsvísi.

Yfir 42.000 heilbrigðisstarfsmenn og þar með taldir færustu sérfræðingar á alþjóðavísu, voru sendir til Hubei. Tveir sérhæfðir spítalar, með samtals 2.500 einangrunarrýmum, sem voru byggðir á einungis tveimur vikum, auk 19 tímabundinna hjúkrunareininga, leiddu til þess að það náðist að koma öllum undir læknishendur. Í þriðja lagi leiddi hin útbreidda aðferð, að beita bæði hefðbundnum kínverskum og vestrænum lækningaaðferðum samtímis, til þess að sú meðferð er nú orðin viðtekin venja og hefur skilað góðum árangri. Tölfræðin sýnir að bæði sú aðferð, að beita hefðbundnum kínverskum lækningaaðferðum og nútíma meðhöndlun sjúklinga í Kína, skilaði yfir 90% árangri, og stuðlaði að því að draga úr útbreiðslu smits, lækkaði dánarhlutfall og flýtti fyrir bata. Alþjóðasamfélagið ætti stöðugt að vera að læra af reynslunni og endurskoða viðbrögð sín við hinum nýja kórónavírus.

Það er ekki til nein stöðluð aðferð sem er hægt að beita í öllum löndum og öll ríki eru að vinna að því að finna þá leið sem hentar best í hverju tilfelli fyrir sig við að berjast gegn faraldurinum. Við þurfum ekki á fleiri árásum og ásökunum um leyndarhyggju að halda, heldur ættum við að taka höndum saman svo alþjóðasamfélaginu megi auðnast að vinna bug á COVID-19, og tryggja bjarta framtíð okkar allra.

Lely Center Ísland

Flott hliðgrind á lóðina þína!


Hliðgrindur - Ýmsar stærðir

Númer	Lýsing	Verð án vsk.	Verð m/vsk.
F000 2147 03	Hlið 7 slár 91.5 cm x 114 cm	kr. 12,899	kr. 16,973
F000 2147 04	Hlið 7 slár 122 cm x 114 cm	kr. 14,964	kr. 19,689
F000 2147 05	Hlið 7 slár 152.5 cm x 114cm	kr. 16,526	kr. 21,745
F000 2147 06	Hlið 7 slár 183 cm x 114 cm	kr. 18,071	kr. 23,776
F000 2147 07	Hlið 7 slár 213 cm x 114 cm	kr. 19,617	kr. 25,821
F000 2147 08	Hlið 7 slár 244 cm x 114 cm	kr. 24,278	kr. 31,945
F000 2147 10	Hlið 7 slár 305 cm x 114 cm	kr. 28,178	kr. 37,076
F000 2147 11	Hlið 7 slár 335 cm x 114 cm	kr. 33,785	kr. 44,454
F000 2147 12	Hlið 7 slár 366 cm x114 cm	kr. 34,980	kr. 46,026
F000 2147 13	Hlið 7 slár 396.5 cm x 114cm	kr. 36,858	kr. 48,497
F000 2147 14	Hlið 7 slár 427 cm x 114cm	kr. 41,531	kr. 54,646
F000 2147 15	Hlið 7 slár 457 cm x 114cm	kr. 42,135	kr. 55,441
F000 2147 16	Hlið 7 slár 488 cm x 114 cm	kr. 47,122	kr. 62,003
F017 2002 46	Staur 2,4m m/ læsigati +2 eyru	kr. 15,857	kr. 20,865
F017 2002 47	Staur 2,4m 89 mm 4 eyru	kr. 16,899	kr. 22,236



Gerðisgrindur

Gerum tilboð í magn eftir teikningum



Reykjavík Krókháls 5f – Sími 414 0000 // Akureyri Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

TÍMAMÓT



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Þórunn Þorvaldsdóttir

hjúkrunarfræðingur,
Mánatúni 4,

lést á Hrafnistu Laugarási,
laugardaginn 2. maí.
Útförin verður auglýst síðar.

Ingimundur K. Ingimundarson

Hafdis Ingimundardóttir

Ólöf Ingimundardóttir

Ingimundur P. Ingimundarson

Maria Ingimundardóttir

Þorvaldur Ingimundarson

barnabörn og barnabarnabörn.

Þórir B. Guðmundsson

Þorvaldur G. Geirsson

Sigríður A. Sigurðardóttir

Fríðgeir Halldórsson

Rós Guðmundsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

Þorvaldur Jónsson

skipamiðlari,

sem lést miðvikudaginn 29. apríl,
verður jarðsönginn frá Dómkirkjunni í
Reykjavík, föstudaginn 8. maí kl. 15.00.

Nánasta fjölskylda verður við útförina, en henni streymt á
www.facebook.com/groups/thorvaldur

Áslaug Þorvaldsdóttir

Guðrún Marta Þorvaldsdóttir

Elsa Sigríður Þorvaldsdóttir

Anna Katrín Þorvaldsdóttir

Þorvaldur Þór Þorvaldsson

barnabörn og barnabarnabörn.

Ómar Benediktsson

Sveinbjörn Sigurðsson



Ástkær faðir okkar, afi og langafi,
Sigurður Fjeldsted

lést föstudaginn 24. apríl sl.
Jarðarförin fer fram í kyrkþey
að ósk hins látna.

Sesselja Kristín Sigurðardóttir

Sigurður Sigurðsson

Jeab Panpaphon

barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar, amma,
langamma og langlangamma,

María Árnadóttir

Fannafold 225,

lést á Landspítalanum við Hringbraut
22. apríl. Útförin fer fram 6. maí og í ljósi
aðstæðna fer útförin fram í kyrkþey.

Fyrir hönd ættingja,

Helga Friðriksdóttir

Áslaug Friðriksdóttir

Kristín Friðriksdóttir

Ólafur E. Friðriksson

Elin Ásta Friðriksdóttir

barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabörn.

Hafsteinn Halldórsson

Kristján Ólafsson

Skúli Sigurðsson

Þórdís Zoëga



Bróðir okkar,

Þorgils Eiríksson

frá Langholti í Hraungerðishreppi,

lést á dvalarheimilinu Fossheimum
29. apríl. Útför verður frá Selfoskirkju
fimmtudaginn 7. maí, kl. 15.00.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,

Eydis Lilja Eiríksdóttir

Sighvatur Eiríksson



Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

Erna Aðalheiður Marteinsdóttir

sem lést 16. mars sl.,
verður jarðsöngin frá Fossvogskirkju
fimmtudaginn 7. maí nk. kl. 13.00.

Vegna aðstæðna verður fjöldi viðstaddra takmarkaður.
Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug.

Kristinn Már Þorsteinsson

Maria Þorsteinsdóttir

Ingibjörg Þorsteinsdóttir

Ester Þorsteinsdóttir

barnabörn og langömmubörn.

Karl Svavar Sigurðsson

Hans Jakob Beck

Þröstur Jensson



Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

Jytta Íselda Eiríksson

lést á heimili sínu í Herlev
sunnudaginn 26. apríl. Bálfor fer fram
frá Lindehöj kirkju í Herlev 8. maí
kl. 13.30 að staðartíma.

F.h. aðstandenda,

Erik Bo Eiríksson

Tove Andersen

Alex Örn Eiríksson

Racel Eiríksson

Oddur Garðarsson

barnabörn og langömmubörn.



Elskulegur eiginmaður minn og besti
vinur, faðir, tengdafaðir og afi,

Guðmundur Þór Wium Hansson

Engidal, Bárðardal,

lést fimmtudaginn 30. apríl á
Sjúkrahúsinu á Akureyri.

Vegna aðstæðna í þjóðfélaginu mun útförin fara fram
7. maí í kyrkþey.

Kristlaug Pálsdóttir

Hans Wium Guðmundsson

Eliás Wium Guðmundsson

Tanja Wium

Elin Sif Sigurjónsdóttir
og barnabörn.



Elskuleg móðir,
tengdamóðir, amma og langamma,

Katrín Guðmundsdóttir

frá Súðavík,

lést á Hrafnistu, Hafnarfirði,
miðvikudaginn 29. apríl.
Útför fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju,
föstudaginn 8. maí kl. 15.00. Í ljósi aðstæðna verða aðeins
nánustu aðstandendur viðstaddir athöfnina. Streymt
verður frá athöfninni. Upplýsingar veita aðstandendur.

Guðmunda Vita

Jón R. Ársælsson

Óskar Á. Ársælsson

Jóhannes S. Ársælsson

Sigurgeir K. Ársælsson

barnabörn og barnabarnabörn.

Peter Vita

Kristín Magnúsdóttir



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

Fjöla Gunnarsdóttir

verður jarðsöngin frá
Reyðarfjarðarkirkju sunnudaginn
10. maí kl. 14.00. Í ljósi aðstæðna verður
athöfnin í kyrkþey en streymt verður úr
kirkjunni á Facebook-síðu Reyðarfjarðarkirkju.
Við þökkum öllum þeim sem sýnt hafa okkur
samúð og hlýhug.

Pétur Valdimarsson

Pétur Már Pétursson

Eva Pétursdóttir

Gunnar Pétursson

Valdimar Pétursson

Jón Emil Pétursson

Heiðis Pétursdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

Arndís Bjarnadóttir

Mogens U. Andersen

Margrét Ólafsdóttir

Ingibjörg Jóhannesdóttir

Hreiðar B. Hreiðarsson



Ástkær bróðir og frændi,

Kristján Sigurjónsson

Vatnsdalshólum, Húnavatnshreppi,

lést á sjúkrahúsinu á Akureyri 17. apríl.
Útför fer fram í Þingeyrarkirkju 9. maí.

Hólmfríður Dóra Sigurðardóttir

Margrét Helga Aðalsteinsdóttir

Guðrún Ósk Aðalsteinsdóttir

Ársæll Aðalsteinn Árnason

Aðalsteinn Tryggvason

Sigurður Aðalsteinsson

Árni Páll Ársælsson

Sigurfinnur Ingi

Björgólfsson



Elskulegur faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

Jón Ármann Jónsson

vélfræðingur
frá Húsavík,

lést á Landakoti hinn 18. apríl.
Útförin fer fram frá Garðakirkju
þriðjudaginn 5. apríl kl. 13.00. Í ljósi aðstæðna verður
aðeins nánasta fjölskylda viðstödd athöfnina. Hjartans
þakkir sendum við starfsfólki á 14G á Landspítalanum og
L2 á Landakoti fyrir einstaka umönnun og hlýju.

Jakob Jónsson

Aðalgeir Jónsson

barnabörn og barnabarnabörn.

Petrína Halldórsdóttir

Þórey Haraldsdóttir

Drífa Leifsdóttir



Elskulegur eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Skjöldur Jónsson

lést á hjúkrunar- og dvalarheimilinu
Hlíð, Akureyri, 25. apríl.

Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju
11. maí í kyrkþey í ljósi aðstæðna.

Streymt verður frá athöfninni. Sérstakar þakkir fær
starfsfólk Beykhlíðar fyrir frábæra umönnun.

Hrefna Valtýsdóttir

Valgerður S. Skjaldardóttir

Baldur R. Skjaldarson

Sólveig Björk Skjaldardóttir

Sverrir Skjaldarson

Magnús Viðar Arnarsson

Brynhildur Björg Stefánsd.

afa- og langafabörn.



Ástkær móðir mín,
tengdamóðir, amma og langamma,

Jóhanna Kristinsdóttir

Austurbrún 4,

lést föstudaginn 24. apríl á
Landspítalanum í Fossvogi.

Útför hennar fór fram í kyrkþey. Kærar
þakkir til starfsfólks á deild B4 fyrir mjög góða umönnun.

Valborg Birgisdóttir

Anna Soffía Árnadóttir

Birgitta Árnadóttir

Árni Jóhann Árnason

og barnabarnabörn.

Árni Halldórsson

Steinþór J. Sigurðsson

Gunnar Sigvaldason



Þökkum innlega auðsýnda samúð við
andlát og útför elskulegs föður okkar,
tengdafaður, afa og langafa,

Jóns H. Bergs

fv. forstjóra SS og
aðalræðismanns Kanada.

Sérstakir þakkir færur við sr. Sveini
Valgeirssyni, Frímúrarareglunni á Íslandi, sendiráði
Kanada á Íslandi, Félagi kjöræðismanna og fjölmörgum
einstaklingum sem heiðruðu minningu hans með
blómum, minningarkortum og öðrum kveðjum.
Hjartans þakkir til starfsfólks á hjúkrunarheimilinu Eir fyrir
einstaka umönnun og alúð.

Jón Gunnar Bergs

Magnús Helgi Bergs

Björn B. Alfreðsson

barnabörn og barnabarnabörn.

Maria Soffía Gottfreðsdóttir

Klara Zelei

Björn B. Alfreðsson

HEILSA

ÞRIÐJUDAGUR 5. MAÍ 2020

Heilsa



Ef hugað er að barneignum er gott að undirbúa líkamann meðal annars með því að borða holla og fjölbreytta fæðu og taka inn fólínsýru og D-vítamín.

Fólínsýra nauðsynlegt vítamín á meðgöngu

B-vítamín gegna því mikilvæga hlutverki að viðhalda góðri heilsu og velliðan. Fólat eða fólínsýra er eitt af þessum mikilvægu B-vítamínum. Nauðsynlegt er fyrir fólk á öllum aldri að fá nægilegt magn af fólínsýru í líkamann. ➔2

ENZYMEDICA®

Pizza í
matinn?



Fólat var upphaflega einangrað úr spinati og vitnar nafn þess einmitt til þess að það finnst í ríkulegu magni í laufsali eins og spinati en orðið folium er komið úr latínu og þýðir lauf,“ segir Kristín Steindórsdóttir næringarþerapisti.

Nauðsynlegt er fyrir fólk á öllum aldri að fá nægilegt magn af fólínsýru. Meginhlutverk fólínsýru ásamt B12 er við myndun kjarnsýrunnar DNA, en þessi tvö B-vítamín vinna einnig saman að því að mynda heilbrigðar blóðfrumur. Fólínsýra er einnig talin geta dregið úr líkum á hjarta- og æðasjúkdómum með því að lækka styrk aminosýrunnar hómócyt-eins í blóði. Þar sem fólínsýra gegnir mikilvægu hlutverki í frumskiptingu er sérstaklega mikilvægt að tryggja nægilega inntöku þegar um óran vöxt er að ræða eins og á barnsaltri, á unglingsárunum og á meðgöngu.

Fólínsýra á meðgöngu

Fjölbreytt fæða er mikilvæg til að fá öll þau helstu næringarefni sem líkaminn þarfnast til að búa til nýjan einstakling og því er afar mikilvægt að konur borði holla og næringarríka fæðu á meðgöngu. Góð næring er ekki aðeins mikilvæg fyrir þroska og vöxt barnsins, heldur einnig fyrir heilsu og vellíðan móður. Mikilvægi inntöku á fólínsýru á fyrstu mánuðum meðgöngu til að koma í veg fyrir skaða sem tengist miðtaugakerfi fóstursins er óumdeilt. Fólínsýra er gríðarlega mikilvæg fyrir þroska á taugapípu fósturs, en heili og mæna þróast út frá taugapípu og sé myndun hennar ekki eðlileg á fyrstu vikum meðgöngu getur það leitt til alvarlegs fósturskaða sem nefnist klofinn hryggur. Meðganga er ekki alltaf plönuð fyrir fram og þar sem fólínsýra skiptir sköpum fyrstu vikurnar er öllum



Kristín Steindórsdóttir næringarþerapisti segir að fólat finnst í ríkulegu magni í laufsali eins og spinati en orðið folium þýðir lauf á latínu.



Fólínsýra í munnúðaformi er einföld leið til að taka inn vítamín.

“Mikilvægt er að fylgjast með að börn og unglingar borði nægilega fjölbreytt og vel af grænmeti og ávöxtum á degi hverjum til að tryggja að þau fái nóg af fólati.

konum á barneignaraldri ráðlagt að borða fólatrika fæðu og taka inn fólínsýru daglega. Ef hugað er að barneignum er gott að byrja að undirbúa líkamann undir meðgöngu með því að borða holla, fjölbreytta fæðu, hreyfa sig daglega, minnka áfengisneyslu, hætta reykingum og taka inn fólínsýru og D-vítamín.

Öllum konum sem geta orðið barnshafandi er ráðlagt að taka daglega 400 mcg af fólínsýru, auk þess að borða fólatrika fæðu. Einnig er mikilvægt að huga að því að

passa upp á svefn og finna leiðir til að draga úr streitu ef hún er til staðar.

Fáum við nægilegt magn af fólati úr fæðunni?

Fyrir utan meðgöngu, brjóstgjöf og almennt konur á barneignaraldri, er talað um að þörfinni fyrir fólati eigi að vera hægt að fullnægja með því að borða fjölbreyttan fólatrikan mat eins og grænt blaðgrænmeti, ávexti, fræ, baunir og heilkorn en þó er ekki víst að það dugi fyrir ákveðna hópa sem eru í örur vexti eins og börn og unglinga, sérstaklega ef þau eru á einhæfu mataræði.

Fólat er vatnsuppleysanlegt vítamín sem þýðir að passa þarf reglulega inntöku, því líkaminn geymir ekki forða til lengri tíma. Eins þarf að hafa í huga að ýmislegt getur haft áhrif á upptöku næringarefna úr fæðunni. Unnar matvörur eða matur sem hefur verið eldaður við háan hita getur tapað miklu fólati sem er til staðar í fæðunni frá náttúrunnar hendi. Svo geta undirliggjandi sjúkdómar eins og meltingarsjúkdómar, mikil áfengisneysla, ýmis lyf ásamt streitu og álagi sem tengist nútíma lífsstíl einnig haft áhrif á upptöku fólats/fólínsýru.

Fólínsýra í munnúðaformi er nýjung frá Better You

Better You vörurnar njóta aukinna vinsælda og ekki að ástæðulausu því mikilvægt er lagt upp úr gæðum og að upptakan á vítamínunum sé tryggð. Munnúðar eru einföld leið til að taka inn vítamín og fyrir þá sem eiga erfitt með að kyngja töflum eða hafa undirliggjandi meltingarvandamál koma þeir sér sérlega vel.

Better You vítamínin koma öll í formi munnúða sem tryggir góða upptöku gegnum slímhúð í munni.

B-vítamín fyrir bættu heilsu og aukna vellíðan

B-vítamín gegna því hlutverki að viðhalda góðri heilsu og vellíðan. Þau taka þátt í nýtingu orku úr fæðunni og eru mikilvæg fyrir ýmsa líkamsstarfsemi svo sem starfsemi ónæmiskerfis, meltingarfæra, tauga, heila, vöðva, augna, hjarta, æðakerfis og myndunar rauðra blóðkorna.

B-vítamín draga einnig úr þreytu og lúga og viðhalda eðlilegri slímhúð ásamt viðhaldi húðar, hárs og nagla.

Er hættulegt að taka of mikið? Þessar 8 tegundir B-vítamína þjóna mismunandi hlutverkum í líkamanum. Þau eru vatnsleysanleg og þarf því að neyta þeirra reglulega. Ef við tökum þau inn í meira magni en líkaminn þarf á að halda á hverjum tíma, skilst umframmagn út með þvagi og því ætti ekki að hafa áhyggjur af ofneyslu.

B-vítamín eru sérstaklega mikilvæg fyrir eldra fólk og konur sem eru barnshafandi og með barn á brjósti. Fólínsýra, sem heitir öðru nafni B-9, er sérstaklega nauðsynlegt fyrir konur sem hyggja á barn-eignir eða eru barnshafandi en það hjálpar til við þroska fósturs og dregur úr hættu á fæðingargöllum.

Aukin orka og betri svefn

